

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi – FEBSEL

Fundargerð

3.fundur starfsársins

Fundarstaður: Félagsaðstaða eldri borgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5–7

Fundartími: 20. september kl.16.30

Mættir: Kristbjörg Ólafsdóttir, Petrea Ingibjörg Jónsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Þóra Einarisdóttir, Stefán Bergmann og Ragnheiður Haraldsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Rætt um fyrirkomulag fundargerða. Fundargerðir eru sendar út fyrir fundina og gefst þá tækifæri til að gera athugasemdir. Fundargerðir formlega samþykktar á fundum.
2. Kristbjörg gerir grein fyrir mjög fjölmönnum kynningarfundum um félagsstarf aldraðra á Seltjarnarnesi. Félagsstarfið er mjög vel sótt og eru um 1000 mætingar á mánuði. Kristbjörg kynnti FEBSEL og gengu sex nýjir í félagið á staðnum.
3. Við vildum helst hafa tvo fulltrúa á landsþingi LEB, en til þess þurfum við 140 nýja félagsmenn. Kristbjörg benti á að félagsgjöld hér eru lægri en t.d. í Garðabæ. Þar er fyrirkomulag ólíkt að því leyti að að enginn situr

námskeið á vegum félagsstarfs eldri borgara þar nema í gegnum félag eldri borgara í bæjarfélaginu.

4. Rauði krossinn leitar að símavinum. Samþykkt að þetta verði sett á fb síðu FEBSEL.
5. Mikið hefur verið rætt um eldri borgara að undanfögnu í sveitarfélaginu okkar en lítið um tillögur eða ákvarðanir. Okkar hlutverk er að veita bæjarstjórn aðhald, t.a.m. fylgjast með fjárhagsáætlun og skoða hvernig loforð eru efnd.
Húsnæðismál– rætt hefur verið um að kaupa mætti á Eiðistorgi þær íbúðir sem losna og tryggja eldri íbúum þær.

Kristbjörg bendir á að fasteignaskattur hafi hækkað milli ára á Seltjarnarnesi.

Skólabraut hér er eins og þeir kjarnar sem nú er rætt um að byggja fyrir aldraða. Kristbjörg skoðaði Eiðismýri, þar eru 36 íbúðir, bærinn á þrjár.

Hár meðalaldur í öllum nýju blokkunum hér í kring. Hér á Skólabraut eru nokkur hús– mætti velta fyrir sér að breyta þeim í húsnæði fyrir eldri borgara.

6. Rætt um skort á tengslum milli FEBSEL og félagsstarfs aldraða á vegum bæjarins, en stjórn FEBSEL telur þau ekki nægjanleg. Kristbjörg og starfsmaður félagsstarfsins funduðu nýlega um samstarfið.

Mun meiri skipulagðrar samvinnu er þörf milli Öldungaráðsins og FEBSEL, ekki síst við Önnu Kristínu sem sér um velferðarmál. Hildigunnur Gunnarsdóttir er nýr formaður Öldungaráðsins. Okkar fulltrúi er tilnefndur af FEBSEL. Fyrir næsta aðalfund þarf að huga að vali á okkar fulltrúum og ferli þeirra ákvarðana.

7. Rætt um þá hugmynd að öll málefni aldraðra verði sameinuð í eitt ráðuneyti, en skoða má hvort það gæti styrkt stöðu málaflokksins.
8. Við bíðum niðurstöðu Hæstaréttar sem koma á nú í haust um skerðingar á kjörum aldraðra. Fátt virðist annað á döfinni hjá LEB. Kristbjörg sendi þakkir til Steinunnar Valdemarsdóttur hjá LEB við starfslok hennar, en hún hefur skilað góðu starfi í okkar þágu að mati KÓ.
9. Á síðasta fundi var ákveðið að við myndum skoða samþykktir landsfundar LEB og velta upp hvernig við gætum tekið á þeim þáttum sem lögð var áhersla á.

Sigríður hefur skoðað velferðarmál í víðu samhengi. Bendir á að nú er komið mælitæki sem mælir velferð, framfaravog, en hugbúnaðurinn hefur verið prófaður í Árbæ og Reykjanesbæ. Þetta ætti e.t.v. að leggja fyrir bæjarstjórn, því þannig má meta hvernig fjármunir nýtast.

Mælitækinu er ætlað að bæta lífsgæði íbúa og skoðar breytur eins og félagsleg úrræði, heilbrigða lífshætti, félagslega þátttöku o.m.fl. Spurning vaknar um hvort unnt sé að koma þessu á dagskrá hjá Öldrunarráði? Samþykkt að reyna að ýta þessu áfram.

Mikið rætt um hvernig við náum til félaga FEBSEL, m.a. varðandi þessa hugmynd, til að fá þeirra sjónarmið. E.t.v. mætti halda félagsfund og segja frá því sem okkur langar til að gera og fá viðbrögð og hugmyndir. Bent er á að góð leið til að efla tengslin er að mæta í félagsstarfið, t.d. söngstundir, og blanda geði við félagsmenn. Þess eru dæmi að íbúar hér sæki félagsstarf á Aflagrandu.

Gera mætti könnun á óskum og högum eldri borgara, sem gæti þá verið hluti af framfaravoginni, en Maskína hefur gert slíka könnun fyrir einhver bæjarfélög. Eðlilegast væri að bærinn gerði slíka könnun en við legðum til einhverjar spurningar.

Ákveðið að Kristbjörg óski eftir fundi með Öldrunarráði um ýmis málefni sem eru á döfinni og rædd hafa veirð á fundinum.

Ákveðið að halda næsta fund í október.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18.30

RH